



## Stjórnarfundur HSH

Haldinn í íþróttahúsinu Snæfellsbæ.

Þriðjudaginn 9. janúar 2024 kl. 17.00

Fundinn sátu: Laufey Bjarnadóttir, Berglind Long, Kristfríður Rós Stefánsdóttir, Garðar Svansson, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson og Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Gunnhildur Gunnarsdóttir

1. Afhending verðlauna – íþróttafólk HSH – Vinnuþjarkur HSH - Sjálfboðaliðar HSH
  - *Búið er að panta glerplatta til að veita Íþróttafólki HSH. Framkvæmdarstjóri reyndi að finna einhverskonar eignargripi á Snæfellsnesinu en gekk það ekki upp í ár. Því var ákveðið í samráði við formann og gjaldkera HSH að panta frá KLM. Tveir listamenn hafa sýnt því áhuga að útfæra flotta eignargripi fyrir næsta ár. Ákveðið að afhenda íþróttafólki viðurkenningar þriðjudaginn 23. janúar, eftir leik hjá Meistaraflokki Snæfells, kvk.*
    - Íþróttafólk: Allir glerplatta + túlpana
    - Vinnuþjarkar: glerplattar + túlpana
    - Sjálfboðaliðarnir:
      - Gefum þeim túlpana í ár + viðurkenningarskjal
      - Tökum fyrir á þingi - gull og silfurmerki HSH
  - *Barmarki, gull- og silfurmerki HSH. Höfum óskað eftir tilboði frá KLM í 300 barmarki, 100 gull- og 100 silfurmerki. Ákveðið að stjórnin marki stefnu varðandi gull- og silfurmerkin og taki ákvörðun um það á fundi fyrir þingið í apríl.*
    - Hugmynd að veita sjálfboðaliðunum merki, hvert aðildarfélag tilnefnir sinn sjálfboðaliða. Mikilvægt að fá ýtarlegri umsagnir um sjálfboðaliðann.
2. Ársskýrslu- og ársreikningaform
  - *Framkvæmdastjóri sýnir stjórn skapalón af ársskýrsluformi sem verður sent á öll aðildarfélög í lok vikunnar. Stjórnarmeðlimir fengu skapalónin send í pósti, engar athugasemdir.*
  - *Aðildarfélögum ber að skila ársreikningum og ársskýrslu fyrir 1. mars 2024.*
3. Formannafundur í lok febrúar
  - *Samþykkt að halda formannafund í febrúar þar sem farið verður yfir þá þætti sem þurfa að vera klárir fyrir þing: aðalfundir, samþykktir ársreikningar, starfsskýrsluskilin og tillögur fyrir héraðsþing. Á fundi mun einnig vera rætt um arðgreiðsluna frá Lottó og uppgjör Landsmóts UMFÍ 50+ þar sem gjaldkeri leggur til að 30% upphæðarinnar verði skipt í jöfnum greiðslum á öll aðildarfélögin.*
  - *Formannafundurinn verður haldinn 20. febrúar kl. 17.00 á Vegamótum.*



## HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

*Stofnað 1922*

- *Hvetja aðildarfélögin til þess að skoða hvað þarf til þess að verða fyrirmyndarhérað og fyrirmyndarfélag. Flest félögin ættu að vera gjaldgeng.*
  
- 4. Starfsskýrsluskil
  - *Umræður um það hvort framkvæmdarstjóri eigi að sjá um að skila inn starfsskýrslum fyrir aðildarfélögin. Framkvæmdarstjóri fór yfir nokkra kosti varðandi þessa hugmynd. Ekki var tekin endanleg ákvörðun um hvað skal gera. Málið verður tekið upp aftur seinna.*
  - *Umræða um sportabler og önnur sambærileg fyrirtæki. Framkvæmdarstjóri fer í það að kanna og fá tilboð frá Sportabler fyrir öll aðildarfélögin. Eins mun framkvæmdarstjóri hafa samband við Auði hjá UMFÍ varðandi samning UMFÍ við Sportabler.*
- 5. Lottó
  - *Aðildarfélög HSH fá ekki lottóið greitt fyrr en þau eru búin að skila fullnægjandi skýrslum. Mikilvægt að eftirfylgni sé gagnvart því sem félögin eru að gera. .*
- 6. Þing
  - *Staðfest er að þingið mun fara fram fimmtudaginn 11. apríl frá kl. 18 – 21 á Langaholti. Kristján Þórðarson verður þingforseti. Mikilvægt að athuga hvað hann hefur fengið af merkjum. Þá leggur stjórnin til að Kristfríður verði ritari ásamt Berglindi Long.*
  - *Vangaveltur um það hverjir eiga að fá merki UMFÍ*
    - o *Er stjórn HSH með einhverjar þing tillögur?*
      - *Þakkartillögur*
      - *Hvatningartillögur*
      - *Sjálfboðaliðar ársins*
  - *Formenn aðildarfélaga koma með tillögur á formannafundi í febrúar.*
- 7. Önnur mál
  - *Verið er að vinna að því að fá skíðadeildina undir HSH.*
  - *Siglingasambandið er í átaki að reyna að útbreikka starfsemina. Framkvæmdarstjóri setur sig í samband við formanninn í siglingadeildinni í Stykkishólmi og athugar hvort þau séu ekki tilbúin til að fara í smá kynningarstarf um nesið.*
  - *Umræða um svæðisstarfsmenn UMFÍ og ÍSÍ og hvar sú vinna stendur. Hugmyndir að ráða í eitt starf í viðbót sem verður einhverskonar héraðsstjóri. Skoðun stjórnar og framkvæmdarstjóra að hreyfingin þurfi allt að ár til þess að vinna að hlutverkum starfsmanna.*

Fundi slitið kl. 18.10

---

Gunnhildur Gunnarsdóttir